

TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

HAFNARGÖTU 44 , 710 SEYÐISFIRÐI SÍMI:472-1596 NETFANG: tekmus@sfk.is

(endurrit úr fundagerðabók TA)

Stjórnarfundur 16. janúar 2007

Mættir eru: Hjörtur Harðarson, Cecil Haraldsson, Björn Hansson, Pétur Kristjánsson, Daniel Nielsson, Sigurður O. Sigurðarson, og Þorkell Helgason.

Forstöðumaður Tækniminjasafns Austurlands setur fund kl. 15:02 og gengið til dagskrár.

1. Stjórn skipar með sér verkum. Cecil verður formaður stjórnar, Hjörtur varaformaður og Þorkell ritari.
2. Lögð fram endurskoðuð framkvæmdaáætlun safnsins fyrir árin 2007-2010. Pétur kynnir áætlunina. aðallega rætt um þetta ár en Vélsmiðja Seyðisfjarðar var formlega stofnuð 1907, og verður áhersla lögð á að koma efri hæð smiðjunnar í sýningarhæft ástand, ásamt lagfæringum á klæðningu hússins og aðstöðu í eldsmiðju. Einnig verður vonandi hægt að fara í forvörslu og lagfæringar á bátakosti safnsins. Pétur hyggst líka vinna að því að koma safninu betur á framfæri við almenning og skóla. Safnið sé orðið alvörusafn og óþarft sé að læðast með veggjum og láta lítið fyrir sér fara. Ákveðið að nota tímann fram að næsta funditil þess að lesa áætlunina og bera hana upp á næsta fundi.
3. Fjárhagur Tækniminjasafns Austurlands. Forstöðumaður kynnir þær tölur sem liggja fyrir en endanlegt uppgjör fyrir 2006 er væntanlegt innan tíðar.
4. með lið 5.
5. Forstöðumaður leggur fram kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir 2007. Gert er ráð fyrir tekjum upp á umþb. 25.000.000.- en gjöld tæpar 26.000.000. Einnig fer hann yfir umsóknir og fjárhagsstöðu safnsins á þessu ári. Það eru víða matarholur sem hægt er að sækja styrki og framlög í og telur Pétur að það sé hægt að ná í fjármagn til safnsins, ef menn eru vel vakandi.
6. Önnur mál voru bæði lítt áhugaverð og rýr í roðinu og því var ekki fleira rætt.

Fundi slitið.

(undirritað)

Þorkell Helgason, Hjörtur Harðarson, Sigurður O. Sigurðsson, Björn Hansson, Cecil Haraldsson, Pétur Kristjánsson

Vagga



TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

Hafnargötu 44, 710 Seyðisfirði sími:472-1596 fax:472-1567 tekmus@sfk.is